

Alþingi
Nefndarsvið Alþingis
Þórshamri
150 Reykjavík

SKÚLAGÖTU 26,
101 REYKJAVÍK,
SÍMI 562 5000,
TELEFAX 562 4666,
neytenda@ltn.is
PÓSTHÓLF 1096,
121 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 28. apríl 1998

Umsögn við frumvarp til laga um ábyrgðarmenn

I. Almennar athugasemdir

Neytendasamtökin lögðu til á árinu 1996 að sett yrði löggjöf um ábyrgðir, sbr. skýrsla iðnaðar- og viðskiptaráðuneytsins um ábyrgðarmenn fjárskuldbindinga nóvember 1996, en vísað er til hennar í greinargerð með lagafrumvarpi þessu. Neytendasamtökin hafa nú undirritað samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða sem tekur gildi frá og með næstu mánaðarmótum en það hefur í för með sér miklar breytingar varðandi upplýsingagjöf til ábyrgðarmanna og bætir stöðu ábyrgðarmanna til muna. Neytendasamtökin telja hins vegar að til að tryggja sem best réttarstöðu neytenda á lánamarkaði verði að setja löggjöf um ábyrgðir, sbr. rök Neytendasamtakanna á síðum 14-16 í ofangreindri skýrslu. Þar er auk þess fjallað um hvers konar reglur slík löggjöf þarf að innihalda að mati Neytendasamtakanna. Í því frumvarpi sem hér er til umsagnar er tekið á mörgum þeim atriðum sem tekin eru fram í skýrslunni. Neytendasamtökin lýsa því stuðningi við frumvarp til laga um ábyrgðarmenn en telja þó að gera þurfi breytingar á nokkrum greinum frumvarpsins samanber eftirfarandi athugasemdir.

II. Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

1. gr.:

Samkvæmt ákvæðinu á frumvarpið ef að lögum verður ekki að gilda um samninga um kaup og sölu á tékkum og víxlum. Í greinargerð með frumvarpinu er tekið fram að lögin eigi ekki að gilda um víxil- og tékkaábyrgð. Óeðlilegt er að mismuna ábyrgðarmönnum eftir því hvort ábyrgðin er víxil-, tékkaábyrgð eða annars konar ábyrgð. Þörfín til að vernda ábyrgðarmenn er ekki hvað mikilvægust á þessu sviði, sérstaklega með tilliti til þess hve ábyrgðir á tryggingarvíxlum eru algengar. Í samkomulagi Neytendasamtakanna við fjármálastofnanir, sbr. 6. og 7. gr. samkomulagsins er sérstaklega tekið á vernd ábyrgðarmanna á yfirdráttarlána og kreditkorta en þar hafa tryggingar verið í forni tryggingarvíxla.

Tillaga Neytendasamtakanna:

Lagt er til að í frumvarpið taki einnig til víxil- og tékkaábyrgða en þá þarf jafnframt að endurskoða núgildandi víxil og tékkalög nr. 93/1933.

2. mgr. 4. gr.:

Hér er ekki fjallað um ábyrgðarsamninga sem gilda til ótiltekins tíma. Lagt er til að ábyrgðarsamningur sem tekur ekki til tiltekins tíma sé ógildur.

3. mgr. 4. gr.:

Hér kemur fram mótsögn í frumvarpinu þar sem 1. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir að menn geti gengist í ábyrgð til að tryggja fjárkröfu annars aðila. Í þessu ákvæði er hins vegar sú ábyrgð takmörkuð mjög, því ef til þess kemur að á ábyrgðina reyni verður ekki unnt að ganga að fasteign ábyrgðarmanns þar sem hann býr né verður hægt að ganga að veði sem sett hefur verið til tryggingar kröfu aðalskuldara, ef veðið er fasteign verðþola. Verðmætustu og oft einu eignir manna eru fasteignir þeirra og því hlýtur þetta ákvæði að hafa í för með sér að í flestum tilvikum verði ekki hægt að ganga að ábyrgðarmanninum hvort sem hann hefur gengist í sjálfskuldarábyrgð eða veðsett fasteign sína. Með þessari grein er því vægi 1. gr. frumvarpsins gert lítið. Samkvæmt ákvæðinu getur lánveitandi hafið innheimtutilraunir hjá ábyrgðarmanni og í framhaldi gert aðför í eignum hans. Ef ábyrgðarmaður reynist hins vegar ekki eiga aðrar eignir en fasteign sína, verður hann miðað við efni ákvæðisins að lýsa yfir eignaleyfi sínu gagnvart kröfuhafa, en það heimilar kröfuhafa að gera árangurslaust fjárnám hjá honum. Þar með er ábyrgðarmaður sjálfkrafa kominn inn á vanskilaskrá sem hefur mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir hann.

Tillaga Neytendasamtakanna

Neytendasamtakanna leggja til að núverandi 3. mgr. 4. gr. verði felld brott en þess í stað verði í löggjöf um ábyrgðir tryggð faglega ábyrgð lánveitenda vegna lánveitinga til einstaklinga. Þannig skuli ekki lánað fé nema að undanegnu mati á greiðsluhæfni aðalskuldara og að lánveitanda sé skylt að láta þetta mat fara fram áður en lán er veitt. Ef lán er tryggt með ábyrgð annars aðila skal jafnframt fara fram mat á greiðsluhæfni hans. Við mat á greiðsluhæfni skal byggt á upplýsingum um tekjur, eignir, heildarskuldir og framfærslukostnað fjölskyldu lántakanda eða ábyrgðarmanns. Í löggjöf verði gert ráð fyrir að ábyrgð þiðja aðila falli niður ef í ljós kemur að lánveitandi hefur ekki uppfyllt skyldur sínar um mat á greiðsluhæfni lántakanda. Það er álit Neytendasamtakanna að ákvæði í löggjöf um skyldu til greiðslumats muni leiða til þess að að verulega dragi úr ábyrgðum og ekki verði gengið að ábyrgðarmönnum nema í undantekningartilvikum.

Markmið með frumvarpi þessu hlýtur að vera að draga verulega úr ábyrgðarveitingum, en því markmiði verður ekki náð með öðrum hætti en að koma á faglegum vinnubrögðum við lánveitingar þannig að ávallt sé gengið sé út frá því forsenda lánveitingar sé greiðsluhæfni lántakanda sjálfs en ekki ábyrgðarmanns.

1. mgr. 5. gr.:

Upplýsingagjöf til ábyrgðarmanna er mjög mikilvæg. Upplýsa þarf ábyrgðarmann um það hvaða þýðingu það hafi fyrir hann að gangast í ábyrgð, hvaða áhættu hann er að taka með því og hvaða afleiðingar það hafi í för með sér ef ganga þarf að ábyrgðarmanni vegna ábyrgðarinnar. Einnig þarf að upplýsa ábyrgðarmann um rétt hans til að segja ábyrgðinni upp og um skyldur lánveitanda svo sem vegna greiðslumats, tilkynninga um vanskil og um önnur þau réttindi sem ábyrgðarmaður hefur samkvæmt lagafrumvarpi þessu.

Í þessu ákvæði er ekki gert ráð fyrir að ábyrgðarmaður sé upplýstur um ofangreint svo sem hvað felist í því að gangast í ábyrgð en það er mjög algengt að fólk geri sér enga

grein fyrir þeim skuldbindingum sem það er að takast á hendur. Rök eins og “ég lánaði nafnið mitt” heyrast mjög oft og í raun vekur það furðu hversu fólk virðist vera lítið meðvitað um þessi mál.

Tillaga Neytendasamtakanna

Löggjöf verður að tryggja að ábyrgðarmaður staðfesti með skriflegum hætti að hann hafi fengið upplýsingar um hvaða þýðingu það hafi að gangast í ábyrgð, rétt ábyrgðarmanns til að segja ábyrgðinni upp og rétt hans til að fá upplýsingar um greiðsluhæfni lántakanda á grundvelli greiðslumats sem lánveitandi hefur framkvæmt og lántakandi hefur samþykkt að veita. Jafnframt skal tryggja að ábyrgðarmaður sé upplýstur um þann rétt sem hann hefur samkvæmt lagafrumvarpi þessu.

c. liður

Ákvæðið gerir ráð fyrir skyldu kröfuhafa til að upplýsa ábyrgðarmann um skuldastöðu lántakanda hjá viðkomandi lánveitanda. Hér er vísað til þess sem fram kom í athugasemdum með 4. gr. um mikilvægi þess að lántakendur séu greiðslumetnir áður en lán er veitt og telja Neytendasamtökin það forsendu fyrir því að viðskiptaháttum vegna ábyrgðarveitinga verði breytt. Hér er gert ráð fyrir því ábyrgðarmaður fái eingöngu upplýsingar um skuldastöðu hjá viðkomandi lánveitanda. Slíkar upplýsingar sýna ekki hver raunveruleg greiðslugeta lántakanda er þar sem hann getur verið með skuldir annars staðar. Ekki er hér heldur gert ráð fyrir að lántakanda þurfi að gera grein fyrir tekjum sínum. Þær upplýsingar sem hér er gert ráð fyrir að ábyrgðarmaður geti fengið eru því ekki grundvöllur til þess að ábyrgðarmaður geti gert sér grein fyrir þeirri áhættu sem hann er að taka á sig með því að gangast í ábyrgð. Í samkomulagi því sem Neytendasamtökin eru aðilar að og vitnað var til hér í inngangi er gert ráð fyrir að ábyrgðarmaður geti fengið upplýsingar um heildarskuldir lántakanda með samþykki hans og er nú verið að vinna í því á vegum banka og sparisjóða og gera lánveitendum þetta fært með samræmdri upplýsingamiðlun.

Tillaga Neytendasamtakanna

Hér er lagt til að skylt sé að upplýsa ábyrgðarmann um heildarskuldir og tekjur lántakanda enda veiti hann samþykki sitt til þess.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna


Sigríður A. Arnardóttir, lögfr.